# FERÐAÞJÓNAR Í DÖLUM

01.05.2020

*Erindi til byggðaráðs Dalabyggðar,*

Ferðaþjónar í Dölum leggja til að fasteignagjöld á ferðaþjónustuhúsnæði verði endurskoðuð til áramóta og lækkuð tímabundið til að koma til móts við algjört tekjufall í greininni á árinu.

Fyrir fyrirtækin eru fasteignagjöldin ansi íþyngjandi þegar engar eru tekjurnar.
Þetta gæti komið bæði sveitarfélaginu og ferðaþjónustuaðilum vel, þar sem fólk fer þá síður í stórum stíl að breyta skráningu húsnæðisins og þar með minnka tekjur sveitarfélagsins til lengri tíma. Þegar landið hjarnar við verður einfaldara fyrir fyrirtæki að hefja starfsemi að nýju án þess að eyða þurfi tíma og fyrirhöfn í hugsanlega nýja skráningu.

Fyrir hönd ferðaþjóna í Dölum,

*Kristján E. Karlsson*
*Anna Sigríður Grétarsdóttir*
*Bjarnheiður Jóhannsdóttir*